

Nd.

657. Nefndarálit

[142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta, sem komið er frá Ed., á nokkrum fundum og kynnt sér ýmis gögn, sem fyrir liggja varðandi málið.

Jón Jónsson fiskifræðingur mætti á einum fundi nefndarinnar og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndarmennirnir BF, PS, SvJ og JSk leggja til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Einn nefndarmanna, GíslG, mun skila séráliti.

Dragnótaveiðar hér við land hafa lengi verið umdeildar, m. a. á Alþingi. Er óþarft að rekja þá sögu, en minna má á, að á tímabilinu frá 1930—1950 höfðu dragnótaveiðar verulega þýðingu fyrir hraðfrystihúsin víða um land, og um skeið byggðu sum þeirra afkomu sína að verulegu leyti á vinnslu flatfisks, sem veiddur var í dragnót. Erlendir menn munu þó jafnan hafa veitt meira af flatfiskinum en Íslendingar, og loks var svo komið, að stofnarnir þoldu ekki álagið. Var þá hafizt handa um friðunaraðgerðir á grundvelli laganna frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og heita má, að fiskveiðar í dragnót hafi verið algerlega bannaðar innan landhelginnar frá 1952 til 1960, en síðan hafa verið leyfðar takmarkaðar veiðar með þessari veiðiaðferð á grundvelli l. nr. 40 frá 1960.

Takmarkanirnar á veiðunum eru þessar helztar:

1. Enginn má stunda fiskveiðar í dragnót, nema hann hafi fengið til þess leyfi sjávarútvegsráðherra. Leyfin eru aðeins veitt fyrir eitt ár í senn.

2. Áður en ráðherra veitir slíkt veiðileyfi, skal hann leita tillagna atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands um veiðisvæði, og eru veiðileyfin tímabundin við 15. júní til 31. október eða skemmri tíma.

3. Áður en Fiskifélag Íslands gerir tillögur til ráðherra um opnun veiðisvæða, skal það leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði, og er ráðherra því aðeins heimilt að opna veiðisvæði, eða hluta þess, að álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

4. Eigi má veita veiðileyfi fyrir stærri skip en 45 brúttó-rúmlestir, og heimilt er að takmarka skipastærðina við 25 rúmlestir.

Þessi ströngu ákvæði, sem á ýmsan hátt eru flókin og vandasöm í framkvæmd, hafa leitt til þess, að mjög takmörkuð svæði hafa verið opnuð fyrir fiskveiðar í dragnót og þátttaka í veiðunum hefur orðið tiltölulega lítil.

Þannig hafa t. d. mörg beztu flatfiskmiðin við landið verið lokuð, og flatfiskmagnið í dragnótaafflanum orðið tiltölulega lítið af þeirri ástæðu.

Afmörkun svæðanna er einnig á sumum stöðum þannig, að eftirlit landhelgisgæzlunnar með veiðiskipunum er lítt framkvæmanlegt, og væri vissulega ástæða til að endurskoða lögin með það fyrir augum að afnema þessa svæðaskiptingu.

Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands var fjöldi skipa og skipverja við dragnótaveiðar árið 1962 sem hér segir:

	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.
Fjöldi skipa	113	121	136	131	116
Fjöldi skipverja	547	602	665	640	568

Aflinn 1962 varð þessi eftir tegundum, miðað við óslægðan fisk:

Þorskur, lestir	4 376.2
Ýsa, lestir	9 955.3
Steinbitur, lestir	832.0
Skarkoli, lestir	3 384.9
Þykkvalúra, lestir	872.6
Annar flatfiskur, lestir	190.2
Annar fiskur, lestir	177.1

Samtals lestir 19 788.3

Mestur var dragnótaafllinn 1962 á þessum stöðum:

Reykjavík	5 915.2	lestir
Keflavík	3 931.0	—
Vestmannaeyjar	3 334.5	—
Þorlákshöfn	917.7	—
Hornafjörður	840.9	—
Ólafsvík	794.4	—
Sandgerði	726.8	—
Stokkseyri	564.6	—
Patreksfjörður	456.8	—
Tálknafjörður	353.3	—
Vogar	311.6	—
Bíldudalur	266.0	—
Akranes	234.8	—
Stykkishólmur	234.5	—

Árið 1961 var aflinn í dragnót alls 16 919.8 lestir og árið 1960 9 951.2 lestir, en skýrslur fyrir s. l. ár eru enn þá ekki fullgerðar.

Jón Jónsson, forstöðumaður fiskideildar atvinnudeildar háskólans, hefur í ný-útkomnum Ægi ritað skýrslu um „Áhrif dragnótaveiði á ýsu- og þorskstofnana hér við land.“

Þar kemst hann m. a. að þessari niðurstöðu:

„Í stuttu máli má því segja, að hingað til hefur ekkert það komið fram í viðbrögðum þorsk- og ýsustofnanna gagnvart dragnótaveiðinni, er bendir til þess, að þeim sé meiri hættu búin af þessari veiðiaðferð en öðrum veiðum. Við verðum að nýta þessa fiskistofna svo sem þeir framast þola. Við höfum ekki ráð á því að láta fiskinn verða ellidauðan, eða lenda í höndum útlendinga, af því að við tökum hann ekki sjálfir.“

Einnig bendir fiskifræðingurinn á þá staðreynd, að heildarsóknin á fiskistofna okkar á grunnmiðum er í dag á engan hátt sambærileg við það, sem var, áður en landhelgin var færð út og meðan útlendir togarar stunduðu veiðar inn að þrem mílum.

Á fundi þeim, sem Jón Jónsson fiskifræðingur mætti á hjá nefndinni, upplýsti hann, að fiskifræðingar teldu sig hafa sannprófað með tilraunum, að veiðarfæri eins og dragnót og botnvarpa séu ekki skaðlegri fyrir ungfisk en önnur veiðarfæri, ef möskvastærðin í netunum er sú, sem nú er fyrir mælt í reglugerðum, þ. e. a. s. 110 mm, ef um gerviefni er að ræða, en slík efni eru eingöngu notuð í dragnót. Áður var möskvastærðin 50—60 mm.

Eftirlit með því, að gildandi fyrirmælum um möskvastærð sé framfylgt, er í höndum landhelgisgæzlunnar og annarra þeirra, sem löggæzlu annast, og er mjög áriðandi, að fyrirmælum þessum sé framfylgt og komið sé í veg fyrir, að menn sniðgangi fyrirmælin um möskvastærðina.

Af hálfu þeirra aðila, sem mest eru á móti dragnótinni, er stundum talað og ritað eins og þetta veiðarfæri sé hættulegra fiskistofnunum en önnur veiðarfæri, og ekki séu aðrar ástæður fyrir fiskileysi en misnotkun dragnótarinnar.

Slík röksemdafærsla er auðvitað fjarri lagi. Aðrar veiðiaðferðir geta einnig verið skaðlegar fiskistofnunum, sé þeim beitt í óhófi, og enn fremur eru það önnur öfl en fiskveiðarnar, sem valda því, að veiðimagn er breytilegt.

Þannig verður dragnótinni t. d. með engu móti kennt um aflaleysi það, sem undanfarið hefur verið fyrir öllu Norðurlandi, því að dragnótaveiði hefur hvergi verið leyfð þar.

Í grein Jóns Jónssonar fiskifræðings í tímaritinu Ægi, sem áður var vitnað til, eru m. a. athyglisverðar upplýsingar um tilraunaveiði á ýsu í Garðsþjó á árunum 1954—1963. Sýna þær upplýsingar glögglega (mynd 5 með greininni), að verulegar sveiflur eiga sér stað á ýsumagninu frá ári til árs, áður en dragnótaveiði var leyfð á ný árið 1960. Einnig koma þarna fram áhrif dragnótaveiðinnar, en þau telur fiskifræðingurinn ekki það mikil, að ýsustofninum sé nein hættu búin af þeim sökum. Hann bendir enn fremur á, að sveiflur eiga sér stað á ýsu- og þorskveiðinni á stöðum, þar sem dragnótaveiði er bönnuð, og telur, að þar séu að verki kraftar, sem við ráðum ekki við.

Allt þetta teljum við benda til þess, að ekki sé hættulegra að leyfa dragnótaveiði en ýmsar aðrar veiðiaðferðir. Landsmenn eiga mikið af fiskibátum 15—45 rúmlesta, sem nú orðið verða ekki mikið notaðir til annars, ef þeim verður meinað að stunda dragnótaveiðar. Þetta frv. fjallar að vísu eingöngu um það að hanna dragnótina í Faxaflóa, en við erum þeirrar skoðunar, að tímabærara væri að veita leyfi fyrir dragnótaveiði víðar en nú er gert, og erum því frumvarpinu andvígir.

Dragnótaveiði sú, sem leyfð er í Faxaflóa, er mjög takmörkuð og er ekki að dómi fiskideildar atvinnudeildar háskólans hættuleg fiskistofnunum þar.

Við viljum treysta því, að fiskifræðingar okkar séu þess umkomnir að gera aðvart í tæka tíð, ef svo kynni að fara, að nauðsynlegt reyndist að hanna dragnótaveiði á ný í Faxaflóa eða annars staðar.

Einnig leggjum við áherzlu á, að reglugerðarákvæðum um möskvastærð og annað það, er lýtur að veiðiútbúnaði, sé stranglega framfylgt.

Í framhaldi af því, sem rakið hefur verið hér að framan, leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að dragnótaveiði í Faxaflóa, með þeim takmörkunum, sem nú eru í gildi, er ekki að dómi fiskifræðinga, sem annast vísindalegt eftirlit með veiðinni, talin vera hættuleg fiskistofnum, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja algert bann við fiskveiði með dragnót í Faxaflóa fremur en annars staðar þar, sem dragnótaveiði er nú leyfð, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. maí 1964.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.

Sverrir Júlíusson.

Jón Skaftason,
með fyrirvara.